

# Stjórnarfundur í Geðhjálp 14.09.17

**Mættir:** Halldóra, Kári, Bergþór, Sylviane, Sveinn Rúnar, Védís, Hrannar, Garðar Sölvi, Anna Gunnhildur, Einar, Ragnheiður.

**1. Yfirferð fundargerðar, undirskriftir (RÖSP).**

Allir samþykkir.

**2. Ráðning í hálf starf (HJ).**

Alls sótti 21 um starfið. Þar af voru margir með mikla reynslu af fjölmiðlum. Margrét Marteinsdóttir hefur verið ráðin í starfið. Hún býr að langri reynslu sem fréttamaður og yfirmaður á RÚV.

**3. Bataskólinn – viðbrögð við mikilli aðsókn – fjárhagur (HP, EB, AGÓ).**

Mun fleiri sóttu um inngöngu í skólann en hægt var að taka á móti í haust. Stjórn skólans stendur frammi fyrir þeirri ákvörðun að þurfa að velja á milli þess að taka inn nýjan hóp (keyra tvöfalt) til að stytta biðlista eða stunda þróunarstarf.

Samþykkt var að styrkja skólann um tvær milljónir á næsta ári ef á þyrfti að halda til að hægt væri að taka við nýjum hópi og þróa skólann áfram á næsta ári. Jafnframt yrði reynt að afla frekari utanaðkomandi styrkja.

Erindi um þjónustusamning hefur verið sent heilbrigðisskrifstofu velferðarráðuneytisins.

**4. Stefnumótunarfundur þann 23. september (HJ).**

Samþykkt var að halda stefnumótunarfundinn þann 23. september þótt Haraldur, yfirlæknir á Heilsustofnuninni, geti ekki tekið á móti hópnum. Samþykkt var að stytta fyrirlestra til að gefa meira rými fyrir umræður um áherslur og næstu verkefni.

**5. Tekjur í gegnum Miðlun á árinu (AGÓ).**

Ljóst er að ávinningu af styrktarfélagasöfnun Geðhjálpar verður þónokkur á árinu og fer vaxandi á allra næstu árum. Hringt verður í hóp styrktarfélaga til að kanna hvort þeir séu tilbúnir til að hækka styrk sinn við félagið í haust (samkvæmt fyrri samþykkt stjórnar).

**6. Fyrirframgerðar tilskipanir (HJ).**

AGÓ og HJ sögðu frá fundi sínum með heilbrigðisráðherra um fyrirframgerðar tilskipanir. Með þeim gefst notendum tækifæri til að hafa betri stjórn á ákvarðanatöku sinni og meðferð þó svo að þeir séu metnir þannig að þeir séu ekki færir um að taka ákvarðanir fyrir sig sjálfa í alvarlegum veikindum. Fyrirframgefna tilskipanir gætu t.a.m. fallið undir sjúklingalög eða lögræðislög.

**7. Hálfárs uppgjör (HJ, AGÓ).**

AGÓ lagði fram hálfis árs uppgjör. Þar kemur fram að hagnaður hafi verið á fyrrihluta ársins. Útlit er fyrir góða afkomu á árinu þrátt fyrir aukinn kostnað, m.a. samfara fjölgun starfsmanna.

**8. Viðburðardagskrá (HJ, AGÓ)**

Lögð voru fram drög að viðburðadagskrá fram að jólum. Stjórnarmenn voru hvattir til að leggja fram tillögur um frekari viðburði eftir áramót.

**9. Önnur mál, m.a. upplýsingamiðlun varðandi:**

- Samþykkt að veita Hrafnkeli Tryggvasyni 125.000 kr. styrk til að ljúka gerð bókar sinnar *Fjármálalæsi á mannamáli*.
- HJ sagði frá þátttöku sinni í tveimur ráðstefnum í Boston í sumar. Í framhaldi af því var fjallað um mikilvægi uppbyggilegrar umræðu um raddheyrn.
- Fjallað var um tvö sjálfsvíg með tveggja vikna millibili á Landspítalanum og hvernig best væri að haga opinberri umfjöllun um sjálfsvíg.
- AGÓ fjallað um barnageðheilbrigðisráðstefnuna og morgunverðarfund Geðhjálp og Virk um geðheilbrigði á vinnustað.
- SL fjallaði um mikilvægi þess að fleiri einstaklingar með reynslu af geðröskunum tækju þátt í starfi ÖBÍ.

***Fundinum lauk um kl. 18:56***